

## REGLUGERÐ

### um úthlutun og greiðslu fjárfamlags ársins 2014 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

## 1. gr.

*Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárfamlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárfamlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2014 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Famlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

## 2. gr.

*Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.*

Famlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í famlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

## 3. gr.

*Úthlutun fjárfamlags árið 2014.*

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárfamlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2014 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2013 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2013 samtals kr. 947.769.990.310 og er áætlað fjárfamlag ársins 2013 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 3.080.252.469 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	35.544.573	1,154%
Eftirlaunasjóður FÍA	10.400.472	0,338%
Eftirlaunasjóður Reykjanésbæjar	511.322	0,017%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L050EsH	4.457.125	0,145%
Eftirlaunasjóður starfsm. Útvegsbanka Íslands	897.894	0,029%
Festa lífeyrissjóður	313.640.547	10,182%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	126.308.833	4,101%
Gildi lífeyrissjóður	1.109.927.394	36,034%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Íslenski lífeyrissjóðurinn	15.415.123	0,500%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L140LsA	2.399.517	0,078%
Lífeyrissjóður bankamanna - aldur	19.558.063	0,635%
Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfall	19.365.547	0,629%
Lífeyrissjóður bænda	12.636.736	0,410%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	22.918.619	0,744%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L510LsN	514.402	0,017%
Lífeyrissjóður Rangæinga	18.672.490	0,606%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	2.818.431	0,092%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	2.727.564	0,089%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L600LsH	1.481.601	0,048%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsþærjar	1.412.296	0,046%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	23.511.567	0,763%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	135.729.785	4,406%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	99.328.901	3,225%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	51.718.979	1,679%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	16.416.206	0,533%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L700LsV	2.008.325	0,065%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.078.088	0,035%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	5.011.571	0,163%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	303.692.872	9,859%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	58.363.084	1,895%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	76.256.270	2,476%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	93.422.517	3,033%
Stafir lífeyrissjóður	75.005.688	2,435%
Stapi lífeyrissjóður	353.203.310	11,467%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	63.896.757	2,074%
<b>Samtals</b>	<b>3.080.252.469</b>	<b>100,000%</b>

Við greiðslu fjárfamlags ársins 2015, í október 2015, skal endurreikna, og leiðréttta ef þörf er á, fjárfamlag ársins 2014 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2013.

#### 4. gr. *Leiðréttting fjárfamlags ársins 2013.*

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2012 er kr. 880.499.805.193. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2012 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1033/2013, um úthlutun og greiðslu fjárfamlags ársins 2013 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2012 er kr. 2.451.615.819 til lækkunar. Fjárfamlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2013 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðréttting fjárfamlags ársins 2013, frá því sem það var ákvárdæ med reglugerð nr. 1033/2013, nemur því samtals kr. 7.967.751, til lækkunar. Áætlað fjárfamlag ársins 2014 eins og það er ákvárdæ skv. 3. gr. lækkar um þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	89.597	1,125%
Eftirlaunasjóður FÍA	24.023	0,302%
Eftirlaunasjóður Reykjanesskájar	1.275	0,016%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupstaðar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L050EsH)	7.689	0,097%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Eftirlaunasjóður starfsm. Útvegsbanka Íslands	1.833	0,023%
Festa lífeyrissjóður	786.058	9,866%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	332.932	4,179%
Gildi lífeyrissjóður	2.781.661	34,912%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	39.679	0,498%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L140LsA)	5.617	0,071%
Lífeyrissjóður bankamanna - aldur	52.308	0,657%
Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfall	49.400	0,620%
Lífeyrissjóður bænda	33.664	0,423%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfæðinga	64.579	0,811%
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L510LsN)	1.474	0,019%
Lífeyrissjóður Rangaeinga	49.042	0,616%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	6.175	0,078%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	6.056	0,076%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupstaðar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L600LsH)	3.625	0,046%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbaðar	7.290	0,092%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	67.248	0,844%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	332.494	4,173%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	312.655	3,924%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	100.872	1,266%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	38.444	0,483%
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L700-LsV)	4.980	0,063%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	2.908	0,037%
Lífeyrissjóður verkfrafæðinga	13.466	0,169%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	833.467	10,461%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	162.582	2,041%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	208.914	2,622%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	239.152	3,002%
Stafir lífeyrissjóður	200.349	2,515%
Stapi lífeyrissjóður	935.255	11,738%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	170.988	2,146%
<b>Samtals</b>	<b>7.967.751</b>	<b>100,000%</b>

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 20. nóvember 2014.*

F. h. r.  
**Hafdís Ólafsdóttir.**

*Lilja Sturladóttir.*